



Fundargerð stjórnar SSA nr. **8** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 11. júlí 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Klausturkaffi. Fundarstaður: Skriðuklaustur.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdarstjóri Austurbrúar og Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kynning á starfsemi Austurbrúar ses :

- a) Karl Sölvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir starfsemi stofnunarinnar. Karl vék af fundi kl. 13:55

2. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 23. maí 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 806. fundar og 807. fundar. Lagðar fram til kynningar.
- c) Stýrinets Stjórnarráðsins dags. 8. apríl 2013. Lögð fram til kynningar.
- d) Sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 17. maí 2013. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SSV dags. 23. maí 2013. Lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV dags. 24. maí 2013. Lögð fram til kynningar.
- g) Minnisblað um málefni almenningsamgangna. Stjórn SSA leggur áherslu á að ekkert samkomulag hefur verið gert milli stjórnar eða fulltrúa stjórnar SSA og Eyþings um skiptingu kostnaðar og eða tekna á leið 56, eins og lesa mætti út úr minnisblaði frá fundi dags. 28. maí 2013 um almenningsamgöngur.
- h) Haust 109. fundar og 110. fundar. Lagðar fram til kynningar.
- i) Stjórnar SASS 467. fundar. Lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar FV dags. 7. júní og 20. júní 2013. Lagðar fram til kynningar.
- k) Aðalfundar og stjórnarfundar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands dags. 10. júní 2013. Samþykkt að Stefán Bogi, Arnbjörg og Ólafur Áki efni til viðræðna við sveitarfélögin um nýjan Atvinnuþróunarsjóð.

3. Sóknaráætlun Austurlands 2013:

- a) Lagðir fram sjö þjónustusamningar milli Austurbrúar og stjórnar SSA um framkvæmd verkefna á vegum Sóknaráætlunar Austurlands 2013. Ábyrgðaraðilar samningana eru stjórn SSA og framkvæmdastjóri Austurbrúar.

4. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Bæjarráði Seyðisfjarðar varðandi bókun bæjarráðs um fjárhagslegan stuðning við Hálandisveg. Í bókuninni kemur fram að bæjarstjóra er falið að taka málið upp á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Austurlandi. Málið hefur verið tekið fyrir hjá samgöngunefnd SSA og kynnt meðal sveitarfélaga á Austurlandi.
- b) Innanríkisráðuneytinu varðandi skiptingu á 25,0 millj. sem sjóðurinn leggur til landshlutasamtakanna til að koma á móts við kostnað þeirra við framkvæmd samstarfsverkefna. Þá óskar nefndin eftir greinargerð frá landshlutasamtökunum um þau samstarfsverkefni sem samtökin vinna að á árinu í tengslum við sóknaráætlanir landshluta.
- c) Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgengi að fundargerðum á vef sambandsins.
- d) Sambandi íslenskra sveitarfélaga um leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun.
- e) Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu 2013. Samþykkt var að tilnefna Austurbrú til nýsköpunarverðlauna.
- f) N4 um hugsanlegan samning milli SSA og N4 um Glettur. Samþykkt var að gera samning við N4 til eins árs á sömu kjörum og fyrri samningur.
- g) Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um ósk um tilnefningu til verðlauna á Degi íslenskrar náttúru og Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Samþykkt var að tilnefna Gísli Sigurgeirsson á N4 til verðlauna á Degi íslenskrar náttúru.

5. Aðalfundur SSA 2013:

- a) Farið var yfir drög að dagskrá aðalfundar 2013 SSA sem haldinn verður dagana 13. og 14. september nk. í Fjarðabyggð.
- b) Sigrún Blöndal kynnti niðurstöðu könnunar meðal sveitarstjórnarmanna og embættismanna um fyrirkomulag á aðalfundum SSA. Stjórnin lýsti ánægju sinni á fyrirkomulagi könnunarinnar. Niðurstöður könnunarinnar verða hafðar til hliðsjónar við skipulag aðalfunda SSA.

6. Önnur mál:

- a) Sumarfundur landshlutasamtaka var haldinn 13. og 14. júní sl. Karl Sölvi Guðmundsson og Valdimar O. Hermannsson sóttu fundinn fyrir hönd SSA. Valdimar fór yfir dagskrá fundarins.
- b) Fundur EFTA í Bergen dagana 20.-21. júní 2013. Valdimar O. Hermannsson fór yfir helstu málefni fundarins en hann sótti fundinn fyrir hönd landshlutasamtakana.



- c) Ákveðið var að áfrýja dómi Héraðsdóms Austurlands frá 6. maí sl. máli E69/2012 til Hæstaréttar. Samþykkt að fulltrúar SSA fari á fund Innanríkisráðherra um málefni almenningsgangna á Austurlandi .
- d) Samþykkt að auglýsa eftir styrkjum úr Minningarsjóður Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefán Péturssonar eins og skipulagsskrá sjóðsins gerir ráð fyrir.
- e) Auglýst verður eftir tilnefningum til Menningarverðlauna SSA 2013 samkvæmt reglum SSA um menningarverðlaun.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 16:50

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.